

**Lykilatriði sem stuðla að gæðum
náms án aðgreiningar**
Tilmæli fyrir stefnumótandi aðila



Lykilatriði sem stuðla að gæðum náms án aðgreiningar

Tilmæli fyrir stefnumótandi aðila



Lifelong Learning Programme

Aðalskrifstofa framkvæmdastjórnar
ESB á sviði mennta- og
menningarmála ([http://ec.europa.eu/
dgs/education_culture/index_en.htm](http://ec.europa.eu/dgs/education_culture/index_en.htm))
styrkti útgáfu þessarar skýrslu.

Skýrslan var unnin af:

Lucie Bauer, í fulltrúanefnd Evrópumíðstöðvarinnar, Austurríki
Zuzana Kaprova, í fulltrúanefnd Evrópumíðstöðvarinnar, Tékklandi
Maria Michaelidou, í fulltrúanefnd Evrópumíðstöðvarinnar, Grikklandi
Christine Pluhar, í fulltrúanefnd Evrópumíðstöðvarinnar, Þýskalandi

Ritstjórn: Amanda Watkins, starfsmaður hjá Evrópumíðstöðinni

Leyfilegt er að nota útdrætti úr skýrslunni að því tilskildu að heimildar sé greinilega
getið. Vísa skal til skýrslunnar á eftirfarandi hátt: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í
sérkennslu, 2009. *Lykilatriði sem stuðla að gæðum náms án aðgreiningar – Tilmæli
fyrir stefnumótandi aðila*, Óðinsvé, Danmörk: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í
sérkennslu

Skýrslan er fánlega á rafrænu formi og á allt að 21 tungumáli til að upplýsingarnar
séu aðgengilegar fyrir sem flesta. Rafrænar útgáfur þessarar skýrslu eru fánlegar
á vefsvæði Evrópumíðstöðvarinnar: [http://www.european-agency.org/publications/
ereports](http://www.european-agency.org/publications/ereports)

Þessi útgáfa skýrslunnar er íslensk þýðing á enskri frumútgáfu Evrópumíð-
stöðvarinnar.

Þýðing: Þórgunnur Skúladóttir, thorgunn@ritsmidjan.is

Mynd framan á kápu: Daniela Demeterová, Tékklandi

ISBN (prentuð útg.): 978-87-92387-88-2

ISBN (rafræn útg.): 978-87-7110-011-2

© Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu 2009

Secretariat
Østre Stationsvej 33
DK-5000 Odense C Denmark
Sími: +45 64 41 00 20
secretariat@european-agency.org

Brussels Office
3 Avenue Palmerston
BE-1000 Brussels, Belgium
Sími: +32 2 280 33 59
brussels.office@european-agency.org

www.european-agency.org



EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	5
1. INNGANGUR	7
2. UMFJÖLLUN UM NÁM ÁN AÐGREININGAR – Í EVRÓPU OG Á ALÞJÓÐAVÍSU	11
2.1 Leiðbeinandi grundvallarrit í Evrópu	11
2.2 Leiðbeinandi grundvallarrit á alþjóðavísu	12
3. LYKILATRIÐI SEM STUÐLA AÐ GÆÐUM NÁMS ÁN AÐGREININGAR	15
<i>Aukin þátttaka til að öllum nemendum standi fleiri námsmöguleikar til boða</i>	15
<i>Nám og starfsþjálfun fyrir alla kennara</i>	17
<i>Stofnanamenning og siðareglur til stuðnings námi án aðgreiningar</i>	18
<i>Skipulag stuðningskerfa sem stuðla að námi án aðgreiningar</i>	19
<i>Sveigjanlegt fjárhagsfyrirkomulag til stuðnings námi án aðgreiningar</i>	20
<i>Stefna sem stuðlar að námi án aðgreiningar</i>	20
<i>Löggjöf sem stuðlar að námi án aðgreiningar</i>	22
Niðurstöður	23
4. NÁNARI UPPLÝSINGAR	25
4.1 Heimildarrit Evrópumíðstöðvarinnar	25
4.2 Aðrar heimildir	26



FORMÁLI

Fyrsta skýrslan í svokallaðri *Lykilatriða-ritröð* kom út hjá Evrópumíðstöðinni árið 2003. Heiti hennar var „Lykilatriði á sviði sérkennslu – Leiðarvísir fyrir stefnumótandi aðila“ og var hún byggð á starfsemi Evrópumíðstöðvarinnar fram til ársins 2003.

Líkt og það rit var þessi skýrsla unnin af stefnumótandi aðilum á sviði menntamála í þeim tilgangi að gefa öðrum stefnumótandi aðilum í Evrópu yfirlit yfir meginniðurstöður verkefna sem unnin hafa verið á vegum Evrópumíðstöðvarinnar og renna stöðum undir þátttöku nemenda með ýmiss konar sérþarfir í námi án aðgreiningar í almennum skólum. Þessi útgáfa byggir á verkefnum Evrópumíðstöðvarinnar allt frá árinu 2003 og nær til eftirfarandi rita:

- Sérkennsla í Evrópu 2003 (2003);
- Sérkennsla í Evrópu: Þemarit (1. bindi, 2003 og 2. bindi, 2006);
- Nám án aðgreiningar og skólastarf í efri bekkjum grunnskóla (11 til 14 ára nemendur) (2005);
- Sjónarmið ungs fólks varðandi sérkennslu (2005);
- Skjót afskipti (2005);
- Einstaklingsbundin umskiptaáætlun (2006);
- Námsmat í skólum án aðgreiningar (2007 og 2009);
- Ungar raddir: Til móts við fjölbreytni meðal nemenda (2008);
- Þróun vísbenda – fyrir nám án aðgreiningar í Evrópu (2009);
- Fjölmenningsamfélag og sérkennsla (2009).

Öll þessi rit eru fánleg á allt að 21 tungumáli á vefsvæði Evrópumíðstöðvarinnar:

<http://www.european-agency.org/publications>

Vonast er til að þessi mikilvægu tilmæli Evrópumíðstöðvarinnar séu jákvætt innlegg í starf stefnumótandi aðila í Evrópu sem leitast á ýmsan hátt við að stuðla að námi án aðgreiningar í heimalöndum sínum.

Cor Meijer

framkvæmdastjóri

Evrópumíðstöðvarinnar fyrir þróun í sérkennslu



1. INNGANGUR

Eins og fyrri útgáfum *Lykilatriða*-ritraðarinnar er þessari skýrslu ætlað að setja fram tilmæli um lykilatriði í menntastefnu sem virðast skila árangri meðal nemenda með ýmiss konar sérþarfir sem stunda nám án aðgreiningar í almennum skólum. Í þessum tilmælum er fyrst og fremst lögð áhersla á þá þætti sem helst stuðla að námi án aðgreiningar og skóla fyrir alla. Öll Evrópulöndin viðurkenna að nám án aðgreiningar – eða eins og það er orðað í Lúxemborgarstofnskránni (1996) *skóli fyrir alla* – sé afar mikilvæg undirstaða þess að tryggja nemendum með sérþarfir jöfn tækifæri á öllum sviðum (í námi, starfsþjálfun, starfi og félagslífi). Ein meginforsendan í fyrsta *Lykilatriða*-ritinu hefur verið höfð til hliðsjónar við gerð þessarar skýrslu: „*Nám án aðgreiningar krefst þess að menntakerfin séu sveigjanleg og komi til móts við ólíkar og oft margþættar þarfir einstakra nemenda*“ (bls. 4).

Markhópur þessarar skýrslu er sem fyrr stefnumótandi aðilar á sviði menntamála. En þó er meiri áhersla lögð á það hér en í fyrri ritum að lykilatriðin varðandi nám án aðgreiningar snúist um tilmæli sem nýtast stefnumótandi aðilum, bæði á sviði menntamála almennt og á sviði sérkennslu, ef áherslan á nám án aðgreiningar á að vera í fyrirrúmi í sem víðustum skilningi. Ljóst er að þörf er fyrir umræður meðal stefnumótandi aðila á ýmsum sviðum og stigum þar sem lögð er áhersla á þróun almennra námsúrræða. Í þessari skýrslu eru kynnt tilmæli um það sem stefnumótandi aðilum ber að gera til að stuðla að námi án aðgreiningar og byggjast þau á niðurstöðum rannsókna á vegum Evrópumíðstöðvarinnar á árunum 2003-2009 (ítarlegar upplýsingar um umfjöllunarefni Evrópumíðstöðvarinnar er að finna í 4. kafla: Nánari upplýsingar).

Þetta starf hefur farið fram með ýmiss konar verkefnavinnu, sem aðildarlönd Evrópumíðstöðvarinnar hafa yfirleitt öll tekið þátt í.¹

Verkefni Evrópumíðstöðvarinnar eru unnin í samvinnu við fulltrúa ráðuneyta aðildarlandanna þar sem þau fjalla um forgangsmálefni

¹ Árið 2009 áttu eftirtalin lönd aðild að Evrópumíðstöðinni: Austurríki, Belgía (bæði flæmsku- og frönskumælandi hluti), Bretlandseyjar (England, Norður-Írland, Skotland og Wales), Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Kýpur, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Noregur, Portúgal, Pólland, Slóvenía, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland og Þýskaland.



sem eru þeim viðkomandi. Ýmsum aðferðum er beitt í verkefnavinnunni (gerð er greining á upplýsingum frá viðkomandi löndum sem safnað er með könnunum eða spurningalistum, leitað er heimilda og sérfræðingar viðkomandi landa hittast til gagnkvæmra skoðanaskipta) og það skilar sér í ýmsum útgáfum (prentuðum skjölum og rafrænum skýrslum og gögnum).

Í þemaverkefnum sem stuðst var við í þessari skýrslu hefur áhersla verið lögð á ýmsa þætti náms án aðgreiningar sem stuðla að því að nemendur geti stundað nám í sínu sveitarfélagi. Þó að niðurstöðurnar eigi fyrst og fremst við um nám á skyldunámsstigi, beinast meginreglurnar í aðalatriðum námi á öllum skólastigum og að símenntun og því markmiði að fólk með sérþarfir taki virkan þátt í samfélaginu. Eins og fram kom árið 2003 skal lögð áhersla á að aðstæður eru mismunandi í viðkomandi löndum og að: Löndin eru „... *misjafnlega á vegi stödd varðandi nám án aðgreiningar*“ (Watkins, 2007, bls. 16).

Eins og árið 2003 er hlutfall nemenda á skyldustigi sem greindir hafa verið með sérþarfir í öllum viðkomandi löndum frá innan við 1% og allt að 19%. Hlutfall nemenda með sérþarfir í sérskólum og sérdeildum er einnig afar mismunandi; í sumum löndum stundar innan við 1% allra nemenda nám við séraðstæður en annars staðar yfir 5% (2009). Staðan er áfram sú að slík gögn endurspeglar fremur mismunandi matsaðferðir, fjárveitingar og stefnu varðandi úrræði, en mismunandi útbreiðslu sérþarfa í viðkomandi löndum.

Eins og á árinu 2003 er líka enn mjög mismunandi eftir löndum hvaða úrræðum er beitt þegar um nemendur með sérþarfir er að ræða. Víða um lönd má greina aðferðir sem miða eingöngu að námi án aðgreiningar í almennum skólum; aðferðir sem fela í sér „samfelld úrræði“ sem ætlað er að mæta ýmiss konar sérþörfum; og aðferðir með skýrt skilgreindum og aðgreindum kerfum fyrir almenna skóla og sérskóla. Þó má einnig sjá að: „*hugmyndir, stefna og starf á sviði náms án aðgreiningar tekur hvatvetna stöðugum breytingum*“ (ibid).

Enda þótt enn séu skiptar skoðanir á námi án aðgreiningar er þó hægt að leggja áherslu á lykilatriði varðandi stefnu á því sviði sem aðildarlöndin hafa komið sér saman um í kjölfar nýlegra verkefna; gerð er grein fyrir þeim í 3. kafla.

Vaxandi skilningur á því að nám án aðgreiningar eigi við um mun stærri hóp nemenda sem eiga á hættu að einangrast, heldur en



einungis þá sem greindir hafa verið með sérþarfir, rennir stoðum undir þessi lykilatriði. Þetta er í samræmi við það sem almennt hefur verið viðurkennt, þ.e. að þar sem nemendur með sérþarfir njóti góðrar menntunar þar njóti allir nemendur góðrar menntunar.

Hugmyndin um aukna þátttöku í almennum skólum sem á að tryggja öllum nemendum gæðamenntun endurspeglast í yfirskrift þessarar skýrslu: *Lykilatriði sem stuðla að gæðum náms án aðgreiningar.*

Slíkur skilningur á námi án aðgreiningar kemur einnig fram í ýmsum alþjóðlegum skýrslum og yfirlýsingum – yfirlit yfir þau rit er tekið saman í næsta kafla til kynningar á gagnreyndum lykilatriðum sem fram hafa komið í starfi Evrópumíðstöðvarinnar.



2. UMFJÖLLUN UM NÁM ÁN AÐGREININGAR – Í EVRÓPU OG Á ALÞJÓÐAVÍSU

Jafnt á alþjóðavísu sem innan Evrópu er um að ræða ýmsa samninga, yfirlýsingar, skýrslur og ályktanir í tengslum við fötlun, nám án aðgreiningar og sérkennslu sem renna stoðum undir stefnu allra viðkomandi landa og stuðst er við í því starfi sem þar fer fram.² Evrópumíðstöðin styðst einnig við þessi rit. Til að setja þær rannsóknir sem notaðar eru við gerð þessarar skýrslu í víðara samhengi er gerð grein fyrir helstu heimildarritum á þessu sviði innan Evrópu og á alþjóðavísu hér fyrir neðan.

2.1 Leiðbeinandi grundvallarrit í Evrópu

Innan Evrópusambandsins hafa verið gefin út ýmis rit þar sem gerð er grein fyrir markmiðum aðildarlandanna hvað varðar stuðning við nemendur með sérþarfir, og í þeim felst tiltekin skuldbinding af hálfu ESB-landanna um innleiðingu forgangsmálefna sem samþykkt hafa verið. Mörg þessara rita eru skýrslur um forgangsmálefni Evrópuráðsins á sviði menntamála almennt – til dæmis skýrslan frá menntaráði til Evrópuráðsins, *The concrete future objectives of education and training systems* (2001), og orðsending framkvæmdastjórnarinnar, *A coherent framework of indicators and benchmarks for monitoring progress towards the Lisbon objectives in education and training* (2007).

Þó eru einnig til ýmis lykilrit sem fjalla sérstaklega um nemendur með sérþarfir og hvernig þeir geti stundað nám án aðgreiningar í almennum skólum. Hin fyrstu þeirra komu út árið 1990 samhliða ályktunum ráðherra menntamála í Evrópuráðinu um *aðild fatlaðra barna og ungmenna að almenna skólakerfinu*. Í framhaldi af því staðfestu aðildarlönd ESB *Viðmiðunarreglur Sameinuðu þjóðanna um jöfn tækifæri fyrir fatlaða* (1993).

Árið 1996 gaf Evrópuráðið síðan út *Ályktun um mannréttindi fatlaðra* og framkvæmdastjórnin gaf út orðsendingu (skýrslu með beiðni um aðgerðir af hálfu ráðsins) um *Jöfn tækifæri fyrir fatlaða*. Árið 2001 kom svo út ályktun Evrópuþingsins, *Evrópa án hindrana – fyrir fatlaða*. Ályktun þingsins frá árinu 2003 um *að stuðla að lagalega*

² Heimildaskrá yfir öll rit sem hér er vísað til er að finna í 4. kafla.



bindandi samningi SP í því skyni að efla og vernda réttindi og virðingu fatlaðra var fylgt eftir með ályktun ráðsins árið 2003 um að efla starfsmöguleika og félagslega aðlögun fatlaðra, sem og ályktun ráðsins það sama ár um *Jöfn tækifæri fatlaðra nemenda til náms og starfsþjálfunar*. Þetta eru tvær helstu ESB-skýrslurnar sem aðildarríkin og önnur lönd á Evrópska efnahagssvæðinu styðjast við í stefnumótun sinni á sviði sérkennslu.

Sjónarmið nemenda með sérþarfir eru birt í *Lissabonyfirlýsingunni: Álit ungmenna varðandi nám án aðgreiningar* (2007), þar sem fram koma ýmsar tillögur sem fulltrúar 29 landa, ungt fólk með sérþarfir sem stundar framhaldsskólanám, starfsnám eða háskólanám, komu sér saman um. Í yfirlýsingunni sagði unga fólkið m.a.: „*Okkur finnst nám án aðgreiningar hafa marga kosti ... við þurfum að eiga vini, bæði með og án sérþarfa ... Nám án aðgreiningar er öllum til góða, jafnt okkur sem öðrum nemendum.*“

Árið 2007 samþykktu ráðherrar menntamála í Evrópuráðinu að sérkennsla skyldi vera eitt af sextán forgangsmálum Lissabon-markmiðanna sem sett voru fyrir árið 2010 (Framkvæmdastjórn ESB, 2007). Einnig er litið til nemenda með sérþarfir sem forgangsmálefni í tillögum um markmið á sviði menntamála innan ESB sem sett eru fyrir árið 2020 (2009).

2.2 Leiðbeinandi grundvallarrit á alþjóðavísu

Á alþjóðavísu er gerð grein fyrir þeim lagarömmum sem varða nám án aðgreiningar í UNESCO-skýrslunni *Policy Guidelines on Inclusion in Education* (2009). Fyrst er getið um *Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna* (1948), síðan *Sáttmálann gegn mismunun í námi* (1960), *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna* (1989) og *Samninginn um að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform* (2005). Síðast en ekki síst hefur verið lögð áhersla mikilvægi *Samningsins um réttindi fatlaðs fólks*, einkum 24. grein hans, þar sem kveðið er á um nám án aðgreiningar. Sýnt er fram á að bæði þessi rit og önnur alþjóðleg rit: „... *setja fram þau meginatriði sem leggja ber áherslu á til að hægt sé að tryggja réttinn til aðgengis að námi, réttinn til gæðamenntunar og réttinn til að njóta virðingar í námssamfélaginu*“ (bls. 10).

Samningurinn hefur verið undirritaður í flestum löndum Evrópu, og valfrjálsa bókunin við samninginn hefur einnig víðast hvar verið

undirrituð þar sem stefnt er að því að staðfesta bæði samninginn og bókunina.³

Salamanca-yfirlýsingin og rammaáætlunin um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir (UNESCO 1994) hefur verið staðfest í öllum löndum Evrópu. Þessi sameiginlega yfirlýsing er þungamiðja allrar starfsemi á sviði sérkennslu – hún er enn lykilþátturinn í þeim hugmyndafræðilega ramma sem stefnan í ýmsum löndum byggir á. Í öllum Evrópulöndunum ríkir samkomulag um að meginreglur Salamanca-yfirlýsingarinnar skuli liggja til grundvallar almennri stefnu í menntamálum – en ekki bara þegar um sérkennslumálefni er að ræða. Þessar reglur kveða á um jöfn tækifæri, þ.e. gott aðgengi að námi þar sem tekið er tillit til einstaklingsbundinna þarfa, og góða menntun sem hlúir að styrkleikum hvers og eins.

Niðurstöður og tillögur frá 48. fundi Alþjóðlegu ráðstefnunnar um menntamál (2008) undir yfirskriftinni *Nám án aðgreiningar. Leiðin til framtíðar*, innihéldu ýmsar mikilvægar tillögur, m.a.:

- Stefnumótandi aðilar skulu viðurkenna að „*nám án aðgreiningar er ferli í stöðugri þróun þar sem stefnt er að því að allir njóti gæðamenntunar*“;

- Menntastefna og námsúrræði ættu að taka mið af eftirfarandi: „*að venjur og aðstæður innan skólanna séu barnvænar, stuðli að góðri menntun og taki tillit til allra barna*“ (UNESCO, 2008).

Í UNESCO-skýrslunni *Policy Guidelines* (2009) stendur: „*Nám án aðgreiningar er ferli þar sem áhersla er lögð á að menntakerfið nái til allra nemenda ... Aðeins er hægt að koma á menntakerfi ‘án aðgreiningar’ ef almennir skólar vinna markvisst að því – með öðrum orðum, ef námið þar nýtist öllum börnum í samfélaginu sem best*“ (bls. 8).

Í skýrslunni stendur enn fremur: „*Því er lítið á nám án aðgreiningar sem ferli þar sem komið er til móts við ólíkar þarfir barna, ungmenna og fullorðinna með aukinni þátttöku í námi, menningarstarfsemi og félagslífi, og enginn skal vera útilokaður frá því að stunda nám. ... Að stuðla að námi án aðgreiningar merkir að hvetja til umræðna, vekja jákvæð viðhorf og koma á umbótum í mennta- og félagsmálum til að*

³ Sjá uppfærðar upplýsingar á slóðinni: <http://www.un.org/disabilities/countries.asp?navid=17&pid=16>



mæta nýjum kröfum á sviði námsskipulags og stjórnsýslu. Í því felst að auka framlög og bæta verkferla og aðstæður til að efla menntun, bæði hvað varðar nemendur í viðkomandi námsumhverfi og sjálft menntakerfið, í því skyni að styðja við allt nám“ (UNESCO, 2009, bls. 7-9).

Í skýrslunni er lögð áhersla á eftirfarandi staðhæfingar:

- Nám án aðgreiningar og gæði eru gagnverkandi þættir;
- Aðgengi og gæði eru þættir sem tengjast og efla hvor annan á gagnkvæman hátt;
- Gæði og jöfnuður eru þeir meginþættir sem tryggja nám án aðgreiningar.

Þau lykilatriði sem Evrópumíðstöðin hefur að leiðarljósi í verkefnastarfi sínu byggir á þessum staðhæfingum eins og fram kemur í eftirfarandi kafla.



3. LYKILATRIÐI SEM STUÐLA AÐ GÆÐUM NÁMS ÁN AÐGREININGAR

Þau lykilatriði sem fjallað er um í þessum kafla snúast um þá þætti sem, samkvæmt niðurstöðum Evrópumíðstöðvarinnar, stuðla fyrst og fremst að gæðum náms án aðgreiningar og styðja að nemendur með ýmiss konar sérþarfir geti stundað nám í almennum skólum. Um er að ræða þætti sem spanna allt frá landslögum til almenns skólastarfs, og skal hver og einn þeirra samræmast því stefnumótunarstarfi að auka gæði náms án aðgreiningar.

Þar sem efnið sem notað var til að greina þessi lykilatriði fjallaði í flestum tilvikum um nám á skyldunámsstigi er sýnt fram á að þessi lykilatriði eiga við á öllum skólastigum.

Þegar verkefni Evrópumíðstöðvarinnar eru skoðuð, allt frá árinu 2003, kemur í ljós að um sjö innbyrðis tengd svið lykilatriða er að ræða. Gerð er grein fyrir þeim hér fyrir neðan, ásamt tilteknum tilmælum sem brýnt er að fara að, eigi þessi lykilatriði að ná fram að ganga.

Meginmarkmiðið með þessum atriðum er að *stuðla að þátttöku í námi án aðgreiningar með því að tryggja gæði námsúrræða*. Samkvæmt þessu er fyrst fjallað um aukna þátttöku sem lykilatriði, og sjá má að öll hin lykilatriðin marka stefnuna að þessu markmiði.

Aukin þátttaka til að öllum nemendum standi fleiri námsmöguleikar til boða

Markmiðið með námi án aðgreiningar er að auka aðgengi að menntun og stuðla að því að allir nemendur sem eiga á hættu að einangrast stundi nám og fái tækifæri til að nýta hæfileika sína.

Með tilliti til aukinna gæða í námi án aðgreiningar skal lögð áhersla á nokkra lykilþætti þar að lútandi:

- *Nám án aðgreiningar á við um fleiri nemendur en þá sem greindir hafa verið með sérþarfir*. Það á við um alla nemendur sem eiga á hættu að einangrast eða lenda í erfiðleikum í skóla;
- *Aðgengi að námi í almennum skólum nægir ekki*. Í skólagöngu felst að allir nemendur geti stundi nám sem gefur lífi þeirra gildi.



Mikilvægt er að stuðla að jákvæðum viðhorfum í námi svo að þátttaka nemenda aukist. Viðhorf foreldra og kennara gagnvart námi nemenda með ýmiss konar sérþarfir virðist aðallega mótast af persónulegri reynslu þeirra; taka verður mið af þessari staðreynd og kynna/innleiða viðeigandi aðferðir og úrræði. Mikilvæg atriði sem stuðla að jákvæðu viðhorfi:

- Að tryggjt sé að allir kennarar séu vel menntaðir og reiðubúnir til að axla ábyrgð á öllum nemendum, sama hvaða sérþarfir er um að ræða;

- Að stuðlað sé að því að nemendur og foreldrar taki þátt í ákvarðanatökum, þ.e. að nemendur séu hafðir með í ráðum þegar ákvarðanir um skólagöngu þeirra eru teknar og að foreldrar fái aðstoð við að taka upplýstar ákvarðanir fyrir (ung) börn sín.

Þegar um námsferli hvers og eins er að ræða virðast eftirfarandi þættir vera afar mikilvægir ef ná skal því markmiði að aukin þátttaka fáiast:

- Að litið sé á nám sem ferli – að það byggist ekki eingöngu á námsgreinunum – og að meginmarkmið allra nemenda skuli vera að öðlast færni í að tileinka sér ýmsa hluti, en ekki bara að kunna skil á námsefninu;

- Að þróaðar séu einstaklingsmiðaðar námsaðferðir fyrir alla nemendur, þar sem hver nemandi ákveður, skráir og endurmetur eigin námsmarkmið í samráði við kennara og aðstandendur og fær aðstoð við að skipuleggja nám sitt á eigin forsendum þannig að hann geti sjálfur stýrt námi sínu;

- Að þróuð sé einstaklingsáætlun eða svipuð einstaklingsmiðuð kennsluáætlun fyrir suma nemendur (e.t.v. með margþættar sérþarfir) sem kunna að þarfnast sértækra aðferða í námi. Einstaklingsáætlunin skal vera þannig úr garði gerð að nemandinn öðlist sem mest sjálfstæði og taki þátt í markmiðasetningu; einnig skal haft samráð við foreldra og aðstandendur við gerð hennar.

Námstilhögun sem miðar að því að koma til móts við ólíkar þarfir allra nemenda, án þess að þeir séu flokkaðir eftir getu, samræmist meginreglunum um nám án aðgreiningar, og gerir kröfu til þess að innleitt sé skipulag og aðferðir sem komi öllum nemendum til góða:



- *Samvinna í kennslustörfum* þar sem kennarar taka mið af hópnum og vinna með nemendum, foreldrum, skólafélögum, öðrum kennurum og stuðningsfulltrúum, sem og þverfaglegum teymlum, eftir þörfum;
- *Samvinnunám* þar sem nemendur hjálpast að á ýmsan hátt – m.a. með jafningjafræðslu – í sveigjanlegum og vel skipulögðum nemendahópum;
- *Samstarf við lausn vandamála*, þar sem beitt er kerfisbundnum aðferðum til að halda uppi stjórn í bekknum;
- *Nemendum skipað í sundurleita hópa* og fjölbreyttum aðferðum beitt til að mæta ólíkum þörfum þeirra í skólastofunni. Þá þarf markmiðasetning að vera vel skipulögð, hana þarf að endurskoða og skrasetja, námsleiðir þurfa að vera óhefðbundnar, kennsla sveigjanleg og hópskipan nemenda með ýmsum hætti;
- *Skilvirkar kennsluaðferðir* sem byggjast á ákveðnum markmiðum, óhefðbundnum námsleiðum, sveigjanlegum kennsluháttum og skýrri endurgjöf til nemenda;
- *Námsmat kennara* sem er hvorki sundurgreinandi né hefur neikvæðar afleiðingar fyrir nemendur. Námsmat skal fara fram á heildrænan hátt, þar sem horft er til bóklegra, hegðunartengdra, félagslegra og tilfinningalegra þátta sem tengjast náminu, og gefa skýr skilaboð um hver næstu skref í námsferlinu skulu vera.

Ekki er hægt að innleiða áætlun um aukna þátttöku nemenda í almennum deildum án tillits til skólans í heild sinni og aðstæðna nemenda heima fyrir. Til að auka námsmöguleika allra nemenda þurfa ýmsir samverkandi þættir að vera til staðar sem styðja við starf kennarans. Um það er fjallað í eftirfarandi köflum.

Nám og starfsþjálfun fyrir alla kennara

Ef kennarar eiga að ná árangri í skólum þar sem kennsla fer fram án aðgreiningar þarf viðeigandi gildismat og viðhorf, færni og geta, þekking og skilningur að vera fyrir hendi.

Í þessu felst að *allir kennarar ættu að fá þjálfun í að starfa í skólum án aðgreiningar* í almennu kennaranámi, og möguleika á áframhaldandi framhaldsnámi og símenntun til að auka þekkingu sína og hæfni á þessu sviði.

Slíkt nám felur í sér þekkingu og færni varðandi eftirfarandi atriði:



- *Mismunandi getu nemenda og leiðir til að koma til móts við ólíkar þarfir* til að kennarinn geti beitt einstaklingsmiðuðum námsaðferðum í skólastofunni;

- *Samstarf við foreldra og aðstandendur*;

- *Samstarf og teymisvinnu* sem gerir kennurum auðveldara að starfa með öðrum kennurum, sem og ýmsum sérfræðingum á sviði menntamála og öðrum greinum, jafnt innan sem utan skólans.

Auk þess sem allir kennarar ættu að fá þjálfun í kennslu án aðgreiningar, ættu allar háskólastofnanir þar sem almennt kennaranám fer fram að bjóða upp á:

- *Sérkennaranám* til að viðhalda og þróa áfram sérfræðiúrræði til stuðnings öllum kennurum sem starfa í skólum án aðgreiningar;

- *Starfsþjálfun* fyrir sérfræðinga á ýmsum fagsviðum til að þeir geti unnið saman á skilvirkan hátt;

- *Nám fyrir stjórnendur skóla/menntastofnana* þar sem lögð er áhersla á forystuhæfni og framtíðasýn í tengslum við gildismat og starfsemi á sviði náms án aðgreiningar;

- *Námskeið og námstækifæri fyrir þá sem annast starfsþjálfun í skólum án aðgreiningar* til að þeir standi sem best að vígi á þessu sviði, bæði gagnvart nemendum í almennu kennaranámi og í sí- og framhaldsmenntun kennara.

Stofnanamenning og siðareglur til stuðnings námi án aðgreiningar



Í skólum og öðrum menntastofnunum er mikilvægt að ríkjandi sé sameiginleg menning og siðareglur sem byggjast á jákvæðum viðhorfum gagnvart fjölbreytilegum hópum nemenda og ólíkum þörfum í námi.

Slík sameiginleg menningarviðhorf:

- *Eiga við um alla hlutaðeigandi aðila*: nemendur, aðstandendur þeirra, kennara og starfsfólk í skólum og sveitarfélagi;

- *Eru á ábyrgð stjórnenda skóla/menntastofnana sem hafa nám án aðgreiningar að leiðarljósi* og þar með skýra sýn á þróun skóla og skyldur gagnvart ólíkum námsþörfum.

Stofnanamenning sem styður við nám án aðgreiningar leiðir til:

- 
- 
-
- *Starfshátta þar sem sneitt er hjá aðgreiningu á öllum sviðum og unnið er að „skóla fyrir alla“, þar sem allir nemendur njóta sömu námstækifæra;*
 - *Teymisvinnu og vilja til samstarfs við foreldra, sem og til að beita þverfaglegum aðferðum;*
 - *Kennsluhátta þar sem komið er til móts við ýmsar ólíkar þarfir og litið svo á að slíkt komi öllum nemendum til góða en ekki bara tilteknum hópum.*

Skipulag stuðningskerfa sem stuðla að námi án aðgreiningar

Stuðningskerfi sem hafa áhrif á nám án aðgreiningar eru af ólíkum toga og oft er um ýmiss konar sérfræðinga og starfsaðferðir að ræða. Þau stuðningskerfi sem eru til staðar geta stuðlað að eða staðið í vegi fyrir námi án aðgreiningar.

Stuðningskerfi sem stuðla að námi án aðgreiningar eru:

- *Samsett af sérfræðipjónustum af ýmsum tagi, stofnunum og stuðningsmiðstöðvunum, sem og fagfólki sem metur þarfir innan sveitarfélagsins. Stuðningskerfi ættu að geta brugðist við ýmsum þörfum, bæði hvað varðar skipulag og einstaka sérfræðinga og fjölskyldur;*
- *Samræmd bæði innan og milli ýmissa geira (menntamála, heilbrigðismála, félagsþjónustu o.s.frv.) og stuðningshópa;*
- *Samræmd þannig að þau veiti nemendum sem bestan stuðning þegar þeir þurfa að flytjast milli skólastiga eða fara út í atvinnulífið (þ.e. frá leikskólastigi í skyldunám, síðan í nám að loknu skyldunámi og í starfnám).*

Í slíkum stuðningskerfum er beitt þverfaglegum aðferðum:

- *Þar sem þekking og sjónarmið ýmissa sérfræðisviða eru samþætt til að hægt sé að fjalla á heilrænan hátt um hvað nemandanum er fyrir bestu;*
- *Þar sem ýmsir aðilar koma að málum, sem hefur í för með sér að breyting verður á því hvar eftirlit með stuðningi og starf stuðningsaðila fer fram. Ákvarðanir um stuðning eru ekki aðeins teknar í samráði við almenna bekkjarkennara, nemendur og aðstandendur þeirra, sem eru í samvinnu við þverfaglegt sérfræðingateymi, heldur eru í auknum mæli í höndum þeirra. Þetta*



krefst mikilla viðhorfsbreytinga meðal sérfræðinganna, og jafnframt breytinga á starfi þeirra.

Sveigjanlegt fjárhagsfyrirkomulag til stuðnings námi án aðgreiningar

Stefna og fyrirkomulag varðandi fjárveitingar eru meðal þeirra þátta sem skipta sköpum við ákvarðanatöku. Takmarkað eða ekkert aðgengi að tiltekinni aðstöðu og úrræðum getur í raun komið í veg fyrir nám án aðgreiningar og að nemendur með sérþarfir njóti jafnra tækifæra.

Fyrirkomulag varðandi fjárveitingar og framlög til menntamála sem stuðlar að námi án aðgreiningar er háð fjármálastefnu sem:

- *Miðar að því að komið sé til móts við þarfir nemenda á sveigjanlegan og skilvirkan hátt;*
- *Stuðlar að þverfaglegu samstarfi viðkomandi þjónustuaðila;*
- *Tryggir að fyrirkomulag fjárveitinga innan sveitarstjórna og á landsvísu sé samræmt.*

Sveigjanlegt fjárhagsfyrirkomulag er til hagræðingar í tengslum við:

- *Valddreifingu við úthlutun á fjárveitingum sem gerir stofnunum innan sveitarfélaga kleift að styðja starf sem skilar árangri. Líklegt er að kerfi sem byggja á valddreifingu séu hagkvæmari og komi betur til móts við þarfir fólks innan sveitarfélaga;*
- *Möguleika á fjárveitingum til fyrirbyggjandi starfsaðferða, sem og til stuðnings nemendum sem greinst hafa með sérþarfir;*
- *Möguleika á að fjármagna nám og kennslu án aðgreiningar í skólum eða öðrum menntastofnunum, sem byggist á ýmsum þáttum en ekki eingöngu á greiningu á þörfum einstakra nemenda. Slíkt fyrirkomulag veitir sveigjanleika til að fjárveiting sé nýtt samkvæmt skilgreindum þörfum og kröfum, innan ramma yfirlýstrar stefnu innan sveitarfélags eða á landsvísu.*

Stefna sem stuðlar að námi án aðgreiningar

Ef auka skal gæði náms án aðgreiningar þarf stefnan þar að lútandi að vera skýr. Skóli fyrir alla ætti að vera markmið stefnumótunar í menntamálaum, og siðareglur og yfirstjórn skóla sem og starf kennara ætti einnig að stuðla að skóla fyrir alla.



Stefnumótun sem miðar að því að auka gæði í námi án aðgreiningar:

- *Tekur mið af alþjóðlegum stefnum og starfsemi;*
- *Hefur þann sveigjanleika að geta tekið tillit til staðbundinna aðstæðna;*
- *Hefur að leiðarljósi þá þætti sem stuðla að námi án aðgreiningar – eins og greint er frá hér framar – fyrir alla nemendur og foreldra þeirra og innan menntastofnana.*

Við innleiðingu á námi án aðgreiningar ætti að gera öllum aðilum menntasamfélagsins ljósa grein fyrir markmiðum slíkrar stefnu. Leiðandi aðilar í menntamálum á öllum stigum – á landsvísu og innan sveitarstjórna og stofnana – gegna mikilvægu hlutverki við að gera grein fyrir og innleiða stefnu sem stuðlar að auknum gæðum á sviði náms án aðgreiningar. Slík stefna þarf að vera hliðholl nemendum með sérþarfir og innihalda tillögur um aðgerðir svo að hægt sé að koma til móts við sérþarfir þeirra. Slík stefna inniheldur lýsingu á:

- *Ábyrgðarskyldu kennara, skóla og annarra menntastofnana, og stuðningskerfa/þjónustuaðila;*
- *Stuðningi og þjálfun sem allir viðkomandi aðilar skulu fá til að staðið sé við skuldbindingar.*

Stefna sem stuðlar að námi án aðgreiningar, þar sem þörfum hvers nemanda er mætt á öllum skólastigum, er „sambætt“ meðal starfsstétta og þjónustuaðila. Slík stefna skal vera stigbundin og þverfagleg og hvetja með virkum hætti til þverfaglegrar samvinnu sem tryggir:

- *Að á landsvísu og innan sveitarfélaga hafi stefnumótandi aðilar á sviði menntamála, heilbrigðismála, og félagsþjónustu samstarf um að móta stefnu og áætlanir sem auðvelda og styðja þverfaglegt starf með virkum hætti á öllum skólastigum;*
- *Að sveigjanleg úrræði í námi án aðgreiningar verði fyrir hendi í öllum geirum menntakerfisins. Gefa þarf aðlögun nemenda með sérþarfir jafnmikinn gaum á framhaldsskólastigi, við tilfærslu úr skóla og út í atvinnulífið, í námi að loknu skyldunámi og í fullorðinsfræðslu, eins og á leik- og grunnskólastigi;*
- *Stefnt er að því að finna betri leiðir til að miðla góðum starfsháttum, rannsóknarniðurstöðum og þróun nýrra námsaðferða og tækja.*



Þó að skammtímaáætlanir skuli gera ráð fyrir viðurkenndri, sérstakri aðgerðaráætlun vegna náms án aðgreiningar í almennri stefnu í menntamálum, þá á nám án aðgreiningar að vera sjálfsagður liður í öllum menntastefnum og áætlunum til lengri tíma litið.

Hafa þarf samráð um hvernig fylgst skuli með innleiðingu þessara stefnumála á skipulagsstigi þeirra. Því þarf að:

- *Skilgreina vísbenda* sem hægt er að nota sem tæki til að fylgjast með þróun í stefnu og starfi;
- *Auka samvinnu* milli skóla, stefnumótandi aðila og foreldra til að tryggja að ábyrgðarskyldu sé betur framfylgt í þeirri þjónustu sem veitt er;
- *Koma á aðferðum til að meta gæði* þeirra úrræða sem nemendum standa til boða í menntakerfinu, og þó einkum,
- *Meta stefnumálin* í tengslum við þau áhrif sem þau hafa á jöfn tækifæri allra nemenda.

Löggjöf sem stuðlar að námi án aðgreiningar

Í öllum landslögum sem kunna að hafa áhrif á nám án aðgreiningar ætti að kveða á um nám án aðgreiningar sem markmið. Lagasetning í öllum opinberum geirum ætti því að hafa í för með sér að veitt sé þjónusta sem stuðlar að því að nám án aðgreiningar verði sem fyrst að veruleika.

Fyrst og fremst er þörf fyrir:

- „*Sampætta*“ löggjöf milli geira sem leiðir til þess að samræmi sé milli náms án aðgreiningar og annarra stefnumála;
- *Einn lagaramma um nám án aðgreiningar* á öllum námsstigum, þ.e. víðtæka og samræmda lagasetningu um nám án aðgreiningar sem kveður á um sveigjanleika, fjölbreytileika og jafnræði allra nemenda í öllum menntastofnunum.

Slíkt tryggir að stefna, úrræði og stuðningur séu í fullu samræmi innan hvers lands eða landssvæðis. Slík löggjöf grundvallast á:

- þeim „*viðhorfum gagnvart réttindum*“ að sérhver nemandi (ásamt fjölskyldu sinni eða umönnunaraðila, eftir því sem við á) geti stundað almennt nám og fengið nauðsynlega aðstoð á öllum stigum;



- *Að landslög séu í samræmi við alþjóðlega sáttmála og yfirlýsingar um nám án aðgreiningar.*

Niðurstöður

Þegar megininntak þeirra verkefna sem unnin eru á vegum Evrópumíðstöðvarinnar er skoðað, má sjá að sú skuldbinding viðkomandi landa að stuðla áfram að námi án aðgreiningar mun leiða í ljós að þeim nemendum sem stunda nám í sérskólum eða í sérdeildum mun fara fækkandi í Evrópu.

Sýnt er fram á að þau lykilatriði sem fjallað er um í þessari skýrslu, atriði sem tengjast innbyrðis og styðja hvert við annað, geta verið leiðbeinandi í tengslum við nauðsynlegar og kerfisbundnar breytingar í stefnumálum og úrræðum sem miða að því að auka gæði náms án aðgreiningar.



4. NÁNARI UPPLÝSINGAR

Öll gögn sem vísað er til í þessari skýrslu er að finna á heimasíðu Evrópumíðstöðvarinnar á slóðinni:

<http://www.european-agency.org/agency-projects/key-principles>

Þar á meðal:

- Yfirlit yfir gögn úr rannsóknum Evrópumíðstöðvarinnar sem styðja við þau lykilatriði sem fjallað er um í 3. kafla;
- Tengla að öllum ritum Evrópumíðstöðvarinnar og öðru efni sem vísað er til í þessari skýrslu.

Allar heimildir sem stuðst var við í þessari skýrslu eru skráðar hér fyrir neðan.

4.1 Heimildarit Evrópumíðstöðvarinnar

Kyriazopoulou, M. og Weber, H. (ritstj.) 2009. *Þróun vísbenda – fyrir nám án aðgreiningar í Evrópu*, Óðinsvé, Danmörk: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

Meijer, C. J. W. (ritstj.) (2003) *Sérkennsla í Evrópu árið 2003: Stefnan í 18 Evrópulöndum*, Middelfart: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

Meijer, C. J. W., Soriano, V. og Watkins, A. (ritstj.) 2003. *Sérkennsla í Evrópu: Þemarit*, Middelfart: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

Meijer, C. J. W. (ritstj.) 2005. *Nám án aðgreiningar og kennslustarfið í efri bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum*, Middelfart: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

Meijer, C. J. W., Soriano, V. og Watkins, A. (ritstj.) 2006. *Sérkennsla í Evrópu: Námsúrræði að barnaskólastigi loknu*, Middelfart: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

Soriano, V. (ritstj.) 2005. *Sjónarmið ungs fólks varðandi sérkennslu: Niðurstöður fyrirspurnarþingsins í Evrópuþinginu – 3. nóvember 2003*. Middelfart: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

Soriano, V. (ritstj.) 2005. *Skjót afskipti: Rannsókn á aðstæðum í Evrópu – lykilatriði og tillögur*, Middelfart: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu



Soriano, V. (ritstj.) 2006. *Einstaklingsbundin umskiptaáætlun – Stuðningur þegar skólagöngu lýkur og farið er út í atvinnulífið*, Middelfart: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

Soriano, V., Kyriazopoulou, M., Weber, H. og Grünberger, A. (ritstj.) 2008. *Ungar raddir: Til móts við fjölbreytni meðal nemenda*, Óðinsvé: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

Soriano, V., Grünberger, A. og Kyriazopoulou, M. (ritstj.) 2009. *Fjölmenningsarsamfélag og sérkennsla*, Óðinsvé: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

Watkins, A. (ritstj.) (2007) *Námsmat í skólum án aðgreiningar: Lykilatriði í stefnumótun og starfi*, Óðinsvé: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

Watkins, A. og D'Alessio, S. (ritstj.) 2009. *Námsmat í skólum án aðgreiningar: Hvernig koma skal á námsmati fyrir alla*, Óðinsvé: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

Hægt er að hlaða öllum þessum ritum niður, á allt að 21 tungumáli, af vefsvæði Evrópumíðstöðvarinnar: <http://www.european-agency.org/publications>

4.2 Aðrar heimildir


Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu 2007. Lissabonyfirlýsingin: *Álit ungmenna varðandi nám án aðgreiningar*, rafræn útgáfa: <http://www.european-agency.org/publications/flyers/lisbon-declaration-young-people2019s-views-on-inclusive-education>

Evrópuráðið 2001. Skýrsla frá menntaráði til Evrópuráðsins *The concrete future objectives of education and training systems* (febrúar 2001)

Evrópuráðið 2009. *Council conclusions on a strategic framework for European co-operation in education and training („ET 2020“)*, Brussel (maí 2009)

Evrópusambandið 1990. *Ályktun ráðsins og fundar menntamálaráðherra með ráðinu þann 31. maí 1990 um aðild barna og ungmenna með fötlun að almenna skólakerfinu*, Stjórnartíðindi EB, C 162, 03/07/1990

Evrópusambandið 1996. *Ályktun um mannréttindi fatlaðra einstaklinga*, Stjórnartíðindi EB, C 17, 22/10/1996



Evrópusambandið 1996. *Orðsending frá framkvæmdastjórninni um jöfn tækifæri fyrir fatlaða*, COM (96)406 final frá 30. júlí 1996

Evrópusambandið 2001. *Ályktun Evrópupingsins um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins, Evrópupingsins, efnahags- og félagsmálanefndar, svæðanefndar – Evrópa án hindrana – fyrir fatlaða*, samþykkt 4. mars 2001 (COM (2000) 284 – C5-0632/2000-2000/2296 (COS))

Evrópusambandið 2003. *Ályktun ráðsins frá 5. maí 2003 um jöfn tækifæri nemenda með fötlun til náms og starfsþjálfunar*, 2003/C 134/04, Stjórnartíðindi EB C 134, 07/06/2003

Evrópusambandið 2003. *Ályktun ráðsins frá 15. júlí 2003 um að efla starfsmöguleika og félagslega aðlögun fatlaðra*, (2003/C 175/01)

Evrópusambandið 2003. *Ályktun Evrópupingsins um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópupingsins – Stuðlað að lagalega bindandi samningi SP til að efla og vernda réttindi og virðingu fatlaðra*, (COM(2003) 16 – 2003/2100 (INI))

Framkvæmdastjórn ESB (DGXXII) 1996. *Lúxemborgar-stofnskráin*, Brussel, Belgíu

Framkvæmdastjórn ESB 2007. *Orðsending frá framkvæmdastjórninni: A coherent framework of indicators and benchmarks for monitoring progress towards the Lisbon objectives in education and training* (febrúar 2007)

Framkvæmdastjórn ESB 2007. *Progress towards the Lisbon objectives in Education and Training. Indicators and Benchmarks*, Brussel, Commission Staff Working Document, SEC (2007) 1284

Sameinuðu þjóðirnar 1948. *Mannréttindayfirlýsingin*, er á netslóðinni: <http://www.un.org/en/documents/udhr/>

Sameinuðu þjóðirnar 1960. *Sáttmálinn gegn mismunun í námi*, er á netslóðinni: <http://www2.ohchr.org/english/law/education.htm>

Sameinuðu þjóðirnar 1989. *Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna*, er á netslóðinni: <http://www.unicef.org/crc/>

Sameinuðu þjóðirnar 1993. *Viðmiðunarreglur SP um jöfn tækifæri fyrir fatlaða*, eru á netslóðinni: <http://www.un.org/esa/socdev/enable/dissre00.htm>



Sameinuðu þjóðirnar 2005. *Samningurinn um að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform*, er á netslóðinni: http://portal.unesco.org/en/ev.php-URL_ID=31038&URL_DO=DO_TOPIC&URL_SECTION=201.html

Sameinuðu þjóðirnar 2006. *Samningurinn um réttindi fatlaðra*, er á netslóðinni: <http://www.un.org/disabilities/convention/conventionfull.shtml>

UNESCO 1994. *Salamanca-yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir*, París: UNESCO

UNESCO 2008. „*Nám án aðgreiningar: Leiðin til framtíðar*“, Alþjóðlega ráðstefnan um menntamál, 48. fundur, lokaskýrsla, Genf: UNESCO

UNESCO 2009. *Policy Guidelines on Inclusion in Education*, París: UNESCO

Watkins, A. (ritstj.) 2003. *Lykilatriði á sviði sérkennslu – Leiðarvísir fyrir stefnumótandi aðila*, Middelfart: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

Watkins, A. (ritstj.) 2009. *Sérkennsla – landsupplýsingar 2008*, Óðinsvé: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

IS

Fyrsta skýrslan í Lykilatriða-ritröðinni kom út hjá Evrópumíðstöðinni árið 2003 og var hún byggð á þeim ritum sem áður höfðu verið gefin út á hennar vegum. Í þessari nýju skýrslu er síðan stuðst við þau rit sem gefin hafa verið út frá og með árinu 2003.

Skýrslan er, líkt og fyrrnefnd útgáfa, unnin af stefnumótandi aðilum á sviði menntamála í því skyni að veita starfsbræðrum þeirra í Evrópu yfirlit yfir þær meginniðurstöður sem fram hafa komið í verkefnum Evrópumíðstöðvarinnar.

Stefnt var að því að setja fram tilmæli varðandi lykilatriði í menntastefnu sem virðast skila árangri meðal nemenda með ýmiss konar sérþarfir sem stunda nám án aðgreiningar í almennum skólum.

Megininntak skýrslunnar er að þessi grundvallartilmæli renni fyrst og fremst stoðum undir mikilvægi þess að allir nemendur fái notið góðrar menntunar.

